

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi hafnarsvæðis sunnan Glerár.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 17. febrúar 2026 breytingu á deiliskipulagi hafnarsvæðis sunnan Glerár.

Breytingin felur í sér stækkun lóðar að Fiskitanga 2 úr 2.932,3 m² í 6.193,4 m², sem er upprunaleg stærð lóðarinnar. Við það minnkar lóð Fiskitanga 4 og reitur 21.1 á skipulaginu dettur út. Afmörkun lóðar Fiskitanga 4 breytist sem felur m.a. í sér að skipulagssvæðið stækkar til vesturs á svæði norðan Silfurtanga. Skilgreindur er byggingarreitur fyrir vélageymslu á lóð Fiskitanga 2, norðaustan við núverandi þjónustubyggingu Hafnarsamlags Norðurlands. Þá verður legu Hjalteyrargötu aftur breytt í núverandi mynd.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Akureyri, 17. mars 2026.

F.h. Akureyrarbæjar,

Rebekka Rut Þórhallsdóttir, fulltrúi skipulags- og byggingarmála.

B deild - Útgáfudagur: 31. mars 2026